



Velferðarráð

Staða heimilislausra kvenna í Reykjavík

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 22. september s.l., fór fram umræða um stöðu heimilislausra kvenna í Reykjavík, sbr. 3. lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sama dag:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lýsir yfir áhyggjum af húsnæðismálum Konukots. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð telur brýnt að fundið verði hentugra húsnæði undir starfsemi Konukots án tafar. Núverandi húsnæði við Eskihlíð er löngu sprungið, ástand þess lélegt og hentar það illa fyrir þá starfsemi sem þar fer fram. Fylgir því ákveðin áhætta því að hafa starfsemina í húsnæðinu. Bókun þessi skal send Velferðarráði.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar umræðunni um heimilislausar konur. Flokkur fólksins hefur nýlega kallað eftir vinnu stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir sem ætti að vera búin að skila af sér niðurstöðum í apríl. Vandí heimilislausra kvenna með miklar og flóknar þjónustubarfir er mikill. Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um hvenær má vænta niðurstöðu?

Bókun mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs er hér með send velferðarráði.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa